

Uppskera

Í Jörð.is er hægt að skrá hey- og kornuppskeru og uppskeru garðávaxta með einföldum hætti. Forritið reiknar út heildarmagn og gæði, bæði fyrir einstakar spildur og svo í samtölu fyrir allar spildurnar. Hægt er að skrá uppskeru langt aftur í tímann.

Hægt er að opna útfyllt uppskerueyðublað gæðastýringar í sauðfjárrækt og þegar forðagæsluskýrslu er skilað í gegnum bustofn.is hjá Matvælastofnun er hægt að færa uppskerutölurnar á milli kerfanna tveggja með einföldum hætti.

JÖRD															Borgar Páll Bragason Landsráðunautur
Uppskera 2011															Síður
Nýskrá Nýskrá fyrir margar spildur															
Spilda	Stærð (ha.)	Sláttur	Slegið	Hirt	Tegund	Fjöldi	m³/stk.	m³ alls	Kg þe/m³	Kg þe alls	Kg þe/ha.	Gæði	FEm alls		
50	1,7	1	3. júlí	6. júlí	Rúllur	22	1,5	33,0	200	6600	3952,1	0,85	5610		
<u>20 - Skessa</u>	1,4	1	4. júlí	8. júlí	Rúllur	11	1,5	17,2	200	3447	2462,1	0,80	2758		
<u>22 - Sólvangssléttu</u>	2,6	1	4. júlí	8. júlí	Rúllur	21	1,5	31,8	200	6354	2462,8	0,80	5083		
<u>27 - Vegstykki</u>	0,6	1	4. júlí	8. júlí	Rúllur	5	1,5	7,3	200	1452	2461,0	0,80	1162		
<u>28 - Sólvangsflöti</u>	1,2	1	4. júlí	8. júlí	Rúllur	10	1,5	15,3	200	3054	2462,9	0,80	2443		
<u>30 - Beitó 2</u>	0,9	1	4. júlí	8. júlí	Rúllur	7	1,5	11,0	200	2193	2464,0	0,80	1754		
<u>31 - Beitó 3</u>	1,0	1	4. júlí	8. júlí	Rúllur	8	1,5	11,7	200	2340	2463,2	0,80	1872		
<u>35</u>	1,8	1	4. júlí	8. júlí	Rúllur	15	1,5	22,3	200	4458	2463,0	0,80	3566		

Hér er skjámynd af hluta af uppskeruskráningu fyrir árið 2011. Hægt er að raða listanum upp að vild með því að smella á tiltekna fyrirsögn í hverjum dálk, sbr. rauða hringinn utan um sláttudagsetninguna.

Röðun á upplýsingum um uppskeru tiltekins árs er einföld. Smellt er á fyrirsögn einhvers dálks og þá raðast upplýsingarnar samkvæmt þeim dálk. Ef smellt er aftur á dálkfyrirsögnina raðast listinn í öfugri röð. Ef raða á eftir fleiri en einum dálk í einu, er „Shift“ takkanum á lyklaborðinu haldið inni á milli þess sem fleiri dálkfyrirsagnir eru valdar.

Samantekt eftir uppskerutegund			
Tegund	Fjöldi	m³ alls	Kg þe alls
Rúllur	1287	1931	375624
Samantekt eftir heygæðum			
Gæði	m³ alls	Kg þe alls	FEm alls
Úrvals	900	169389	143980
Gott	381	76203	60962
Sæmilegt	650	130032	97524
Lélegt	0	0	0
Samtals	1931	375624	302467

Samantekt eftir uppskerutegund og heygæðum reiknast jafnóðum og uppskeran er skráð og birtist neðst á síðunni.

Jörð.is - Uppskera

Uppskera		Spilda	erð	Sláttur	Slegið	Hirt
Nýskrá	Nýski	2006	1,7	1	3. júlí	6. júlí
		2007				
		2008				
		2009				
		2010				
		2011				
		20 - Skessa	1,4	1	4. júlí	8. júlí

Þegar ný uppskera er skráð er smellt á "Nýskrá", hér merkt með rauðum hring. Gæðastýringareyðublað í sauðfjárrækt er hér merkt með bláum hring. Flettilistinn sýnir þau ár sem búið er að skrá einhverja uppskeru fyrir.

Þegar uppskera er skráð er hægt að fara tvær leiðir. Annars vegar með því að smella á „Nýskrá“, en þar er uppskera skráð fyrir eina spildu í einu. Hins vegar er hægt að velja „Nýskrá fyrir margar spildur“, en þar er hægt að velja saman fleiri en eina spildu saman og skrá samtölum uppskerunnar á þær. Útkoman verður sú að uppskerumagnið deilist niður á valdar spildur eftir stærð þeirra. Þetta er því aðeins gert þegar uppskeran er alveg sambærileg á fleiri en einni spildu og engin ástæða til að halda sérstaklega utan um uppskeru einstakra spildna.

Skrá uppskeru	
Spilda:	1 - Ásgarðshóll
Dagsetning:	20.6.2012 <input type="button" value="í dag"/>
Slegið:	18.6.2012 <input type="button" value="í dag"/> 1 2 3 4 dögum áður
Tegund:	Rúllur
Fjöldi:	20
Gæði:	Úrvals - 0.85 FEm/kg þe
Stærð (m³/stk.):	2.0 rúmmetrar (þvermál=140cm. Lengd=130cm.)
Kg þe./m³:	200 kg. þe./m ³ (Hálfþurr Hey, rúlluvél af nýrri gerð (þe 50-70%))
<input type="button" value="Vista og skrá nýja uppskeru"/> <input type="button" value="Vista"/> <input type="button" value="Hætta við"/>	

< júní 2012 >						
S	M	D	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
		í gær	í dag	Á morgun		
				Hætta við		

Hér er verið að skrá uppskeru í rúllum fyrir eina spildu. Í flettilista fyrir spildur koma allar spildur sem eru skráðar virkar. Dagsetningar skal skrá á því formi sem sést á myndinni. Einfaldara getur verið að velja dagsetninguna úr dagatalinu.

Uppskeruskráningin á einni tiltekinni spildu fer þannig fram að spildan er valin úr flettilista. Síðan er uppskerudagsetningin skráð og svo hvenær hún var slegin. Til hægðarauka er hægt að velja „1-4 dögum áður“ í stað bess að skrá dagsetninguna inn handvirkta eða að leita að henni í dagatalinu.

Í „tegund“ er hægt að velja á milli eftirtalinnar tegunda:

Rúllur, Ferbaggar, Vothey, Purrey-baggar, Purrey-laust, Korn-votverkað og Korn-burrt.

Valmöguleikar í skráningum eftirleїðis fara eftir hví hvaða uppskerutegund er valin. Hér eru nokkur dæmi:

Rúllur: Skráning á fóðurgæðum er sambærileg fyrir allt hey. Hægt er að velja allt frá „Úrvals heyi“ með 0,85 FEm í kg þurrefnis niður í „Lélegt hey“ með 0,7 FEm/kg þe. Ef til eru nákvæmari upplýsingar um fóðurgæðin, er hægt að velja „annað“ neðst í flettilistanum og skrá FEm/kg þe, handvirkta. Í stærð er hægt að skrá frá $1,4\text{ m}^3$ upp í $2,6\text{ m}^3$ en ef tiltekin rúllustærð er ekki í flettilistanum er hægt að skrá í „annað“ og skrá rétta stærð. Þá er loks hægt að skrá kg þurrefnis í hverjum rúmmetra, þar sem hægt er að velja frá $100\text{ kg }\text{þe}/\text{m}^3$ upp í $200\text{ kg }\text{þe}/\text{m}^3$. Eins og áður er hægt að skrá í „annað“ ef það reynist nákvæmara.

Vothey: Í skráningu á fjölda er hægt að fara nokkrar mismunandi leiðir, eftir því hvað hentar. Til dæmis er hægt að skrá fjölda vagna, en þá verður að skrá stærð vagnsins í m^3/stk og kg be/ m^3 eins og bað er laust í vagninum. Önnur

leið er sú að skrá fjölda rúmmetra af heyi (m^3) af tiltekinni spildu, en þá er skráningin á „stærð m^3/stk) = 1. Skrásetjari getur þá valið á milli þess hvort hann skilgreinir fjölda m^3 í lausu heyi eða í stæðu. Skráning á kg þe/ m^3 þarf að taka mið af því.

Korn-votverkað: Í skráningu á votverkuðu korni þarf að skilgreina fjölda. Þar er hentugast að skrá fjölda þeirra eininga sem kornið er geymt í, t.d. talið í sekkjum. Þá er rúmmál þeirrar einingar skráð í stærð. Í kg þurrefnis í rúmmetra er hægt að velja úr nokkrum valmöguleikum, eða frá slakþroska korni þar sem eru 300 kg þe í m^3 upp í vel þroskað korn sem er með 400 kg þe í m^3 . Síðan er hægt að skrá annað ef þurrefnisinnihaldið er þekkt. Við skráningu á korni er alltaf gert ráð fyrir 1,1 FEm í kg þurrefnis, en ef upplýsingar eru til um annað er hægt að skrá það.

Korn-þurrt: Við skráningu á þurru korni eru yfirleitt til upplýsingar úr þurrkstöð, um tonn alls. Þá á að skrá fjölda tonna („Fjöldi“ breytist í „Fjöldi tonna“), miðað við 100% þurrefni. Úr þurrkstöð er korn yfirleitt um 87% þurrefni. Margfalda þarf því tonn úr þurrkstöð með 0,87 til að fá tonn af þurrefni. Nota má reiknivélina til að átta sig á rúmmáli kornsins. Gert er ráð fyrir að 550 kg þurrefnis séu í rúmmetra af þurru korni. 1 tn af þurru korni er þá 1,82 m^3 (1000/550).

Skráning á uppskeru **garðávaxta** er sérstaklega aðgreind í aðgerðaflipanum. Sambærilegir valmöguleikar eru í skráningu en þó er þar miðað við að uppskerutími fyrir garða getur náð yfir lengri tíma og umbúðir eru annars konar.

Vista og skrá nýja uppskeru

Vista

Hætta við

Valmöguleikar við lok hverrar skráningar

Þegar búið er að fylla út upplýsingar um magn tiltekinnar uppskeru á hvert tún er skráningin vistuð. Hægt er að fara tvær leiðir. Annars vegar að „Vista og skrá nýja uppskeru“, en þá er hægt að hefja næstu uppskeruskráningu í beinu framhaldi og upplýsingar um dagsetningar, tegund, gæði, stærð og kíló þurrefnis í rúmmetra geymast frá fyrri skráningu. Ef valið er að „Vista“ þá er skráningin geymd og farið er á yfirlitssíðu fyrir uppskeruskráningarnar.



Aftast í yfirlitssíðunni fyrir uppskeruskráningarnar eru þrjú merki. Gulur penni til að breyta skráningu, rauðt stoppmerki til að eyða út skráningu og loks Ísland til að sjá spilduna í kortagrunni.

Númer og nafn spildunnar er virkur tengill og þegar smellt er á hann er farið á síðu þar sem allar skráðar upplýsingar um tiltekna spildu er að finna. Þar má m.a. skoða þróun uppskeru á milli ára.